

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1070 Fjallableikja ehf. (IS-36089) Hallkellshólum, 801 Selfoss	Hallkellshólum, 801 Selfoss	Jóhann Gestsson Stöðvarstjóri			
Tilfni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	21.10.2020	21.10.2020	5,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 10 skoðunatriða af 10. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 7 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 6 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

#### Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
6.1.1 Mat á úrbótum	3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni
	3.2.2 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi
	3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slyasleppinga
	3.3.2 Búnaður vegna slyasleppinga
	4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu
	5.1.1 Þjálfun starfsfólks

#### Aðrar athugasemdir

Eftirlitið var framkvæmt af undirrituðum og Hirti Methúsalemssyni starfsmanni Matvælastofnunar.

Farið var yfir gæðakerfi fiskeldisstöðvarinnar með ábyrgðarmönnum og í framhaldinu var aðbúnaður og fiskheldni stöðvarinnar skoðuð.

Þó nokkrar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu. Ekki var til staðar yfirlitsmynd yfir stöðina ásamt því að viðbragðsáætlun vegna stroks var ekki til staðar, enginn búnaður til að endurheimta fisk ef upp kemur strok, þjálfunarskrá ekki til staðar og ekki skráður fjöldi fiska sem slátrað er.

Alvarleg athugasemd er gerð við að engar seinni varnir eru til staðar í frárennsli frá útikerjum og er það endurtekið frávik frá síðasta eftirliti, og sjá mátti 3 stóra fiska í settjörn.

**Matvælastofnun krefst þess að úrbætur á alvarlegu frávikum er varðar seinni vörn gegn stroki verði sett upp og gerð algjörlega fiskheld fyrir 23. nóv n.k.**

Úrbætur á öðrum athugasemdum verði lokið fyrir **22. janúar 2021.**

Einnig mælist Matvælastofnun til þess að fiskur í settjörn verði fjarlægður.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun."

## Starfsstöð

Fjallableikja ehf. (IS-36089) Hallkellshólum, 801  
Selfoss  
Hallkellshólum, 801 Selfoss  
801 Selfoss  
Staða: Í gildi  
Kennitala: 6708090720

## Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 2  
Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 2

## Tengiliðir

Jóhann Sigurður Gestsson	8988204	fjallableikja2010@gmail.com	Stöðvastjóri
--------------------------	---------	-----------------------------	--------------

3 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

---

3.2 - Landeldi

3.2.1 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 21.10.2020

Frávik

---

Engin seinni vörn er til staðar í frárænnli frá útikerjum, vatn rennur út í skurð og þar er engin vörn skv. 19. gr. í reglugerð nr. 540/2020 þá skal vera búnaður til staðar í frárænnli stöðvarinnar sem fangar fisk sem sleppur.

Endurtekið frávik frá síðasta eftirliti sem farið var í 19. nóvember 2018.

3.2.2 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

Sett inn: 21.10.2020

Frávik

---

Skv. 7 lið í 12. gr. í reglugerð nr 540/2020

Upplýsingar um heildarstærð stöðvar í rúmmetrum, staðsetningu og afstöðumynd af væntanlegri starfsemi þar sem fram kemur lega og stærð einstakra eldiseininga ásamt frárænnli frá stöð.

3.3 - Slysasleppingar

37. gr og viðauki IV í reglugerð 1170/2015.

3.3.1 Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga

Sett inn: 21.10.2020

Frávik

---

Ekki er til staðar viðbragðsáætlun vegna stroks skv. 45. gr. í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, þar kemur fram:

*Rekstrarleyfishafi skal sjá til þess að viðbragðsáætlun vegna stroks sé staðsett á starfsstöð og kynna starfsmönnum hana. Viðbragðsáætlun vegna stroks skal innihalda leiðbeiningar um:*

- a. Hvernig hindra skal áframhaldandi strok.*
- b. Hvernig tilkynna skal um strok.*
- c. Hvernig endurheimta skal fisk sem sleppur.*

3.3.2 Búnaður vegna slysasleppinga

Sett inn: 21.10.2020

Frávik

---

Ekki var til staðar búnaður til að endurheimta fisk ef upp kemur strok.

4 - Framleiðsluskráningar

---

4.1 - Dagbækur og skipulag

4.1.2 Skráning vegna slátrunar og seiðasölu

Sett inn: 21.10.2020

Frávik

---

Skráð var heildarþyngd hvernar slátrunar en ekki fjöldi fiska sem slátrað var en skv. 8. lið í viðauka I í reglugerð nr. 540/2020 kemur fram:

*Þegar eldisdýri er slátrað skal skrá:*

- a. fjölda dýra,*
- b. meðalþyngd og kynslóð,*
- c. Slátrunarstað/vinnslustöð,*
- d. flutningstæki á slátrunarstað og/eða vinnslustöð.*

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

---

## 5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

### 5.1.1 Þjálfun starfsfólks

Frávik

Sett inn: 21.10.2020

---

Ekki er haldið utan um þjálfun starfsmanna í þjálfunarskrá

Skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 um Gæðahandbók. Kemur fram: Halda skal þjálfunarskrá fyrir hvern einstakan starfsmann. Þjálfunarskrá inniheldur þá þjálfun sem starfsmaður hefur lokið og í henni eru tilgreindir þeir verkþættir sem starfsmaður þarf að tileinka sér

## 6 - Úrbætur

---

### 6.1 - Úrbætur

#### 6.1.1 Mat á úrbótum

Alvarlegt frávik

Sett inn: 21.10.2020

---

Endurtekið frávik frá síðasta eftirliti sem farið var í 19. nóvember 2018.

Engin seinni vörn er til staðar í frárennsli frá útikerjum, vatn rennur út í skurð og þar er engin vörn skv. 19. gr. í reglugerð nr. 540/2020 þá skal vera búnaður til staðar í frárennsli stöðvarinnar sem fangar fisk sem sleppur.

### Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi

3.2.3 Velferð fiska

4.1.1 Dagbókarfærslur

---

Vigdís Sigurðardóttir  
vigdis.sigurdardottir@mast.is  
Sérfræðingur  
5304800

**Lagagrunnur eftirlits**

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr.1170/2015 um fiskeldi. Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.